



Safni Evrópuráðssamninga /197

Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali

Varsjá, 16.V.2005

Formálsorð

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðrir sem undirrita samning þennan,

sem álíta að markmið Evrópuráðsins sé að efla einingu meðal aðildarríkjanna,

sem álíta að mansal sé mannréttindabrot og gangi í berhögg við mannlega reisn og friðhelgi mannsins,

sem álíta að mansal geti leitt til þrældóms fórnarlamba,

sem álíta að virðing fyrir réttindum fórnarlamba, vernd fórnarlamba og aðgerðir gegn mansali hljóti að vera meginmarkmið,

sem álíta að allar aðgerðir eða framtak gegn mansali verði að vera án mismununar, taka mið af jafnrétti kynjanna og réttindum barna,

sem minnst yfirlýsingar utanríkisráðherra aðildarríkjanna á 112. (14.-15. maí 2003) og 114. (12.-13. maí 2004) fundi ráðherranefndarinnar þar sem leitað var eftir því að Evrópuráðið eflði aðgerðir sínar gegn mansali,

sem hafa í huga sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis (frá 1950) og bókanir við hann,

sem hafa í huga tilmæli ráðherranefndarinnar til aðildarríkja Evrópuráðsins: Tilmæli nr. R (91) 11 um kynferðislega misneytingu, klám, vændi og verslun með börn og ungmenni, tilmæli nr. R (97) 13 um ógnanir við vitni og réttindi málsvarnar, tilmæli nr. R (2000) 11 um aðgerðir gegn mansali í þágu kynferðislegrar misneytingar og tilmæli Rec (2001) 16 um að vernda börn gegn kynferðislegri misneytingu, og tilmæli (2002) 5 um að vernda konur gegn ofbeldi,

sem hafa í huga eftirtalin tilmæli þings Evrópuráðsins: tilmæli 1325 (1997) um mansal á konum og nauðungarvændi í aðildarríkjum Evrópuráðsins, tilmæli 1450 (2000) um ofbeldi gegn konum í Evrópu, tilmæli 1545 (2002) um átak gegn mansali á konum, tilmæli 1610 (2003) um fólksflutninga í tengslum við mansal á konum og vændi, tilmæli 1611 (2003) um viðskipti með líffæri í Evrópu, tilmæli 1663 (2004) um þrælahald inni á heimilum: ánauð, vistráðningu (au-pair) og póstverslun með brúðir,

sem hafa í huga rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 19. júlí 2002 um baráttuna gegn mansali, rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 15. mars 2001 um stöðu brotþola við meðferð sakamála og tilskipun ráðs Evrópusambandsins frá 29. apríl 2004 um dvalarleyfi ríkisborgara þriðja lands sem eru fórnarlömb mansals eða sem hafa verið andlag aðgerðar sem miðar að því að greiða fyrir ólöglegum innflutningi fólks og hafa samvinnu við lögbær yfirvöld,

sem taka tilhlýðilegt tillit til samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi og bókunar við hann um að koma í veg fyrir, stöðva og refsa fyrir mansal, einkum á konum og börnum, í því augnamiði að bæta þá vernd sem í þeim felst og þróa þær viðmiðunarreglur sem í þeim eru settir,

sem taka tilhlýðilegt tillit til annarra fjölþjóðlegra lagagerninga sem varða aðgerðir gegn mansali,

sem taka tillit til nauðsynjar þess að undirbúa gerð ítarlegs, fjölþjóðlegs lagagernings sem lýtur að mannréttindum fórnarlamba mansals og kveður á um sérstakt eftirlitskerfi,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli – Markmið, gildissvið, meginregla um bann við mismunun og skilgreiningar.

1. gr. – Markmiðin með samningnum.

1. Markmiðin með samningi þessum eru:
 - a. Að koma í veg fyrir mansal og berjast gegn því og tryggja jafnframt jafnrétti kynjanna,
 - b. að standa vörð um mannréttindi fórnarlamba mansals, koma á heildstæðu rammafyrirkomulagi til verndar og aðstoðar fórnarlömbum og vitnum og tryggja jafnframt jafnrétti kynjanna og skilvirka rannsókn og saksókn,
 - c. að stuðla að alþjóðlegu samstarfi í tengslum við aðgerðir gegn mansali.
2. Með samningi þessum er komið á sérstöku eftirlitskerfi í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd samningsaðila á ákvæðum hans.

2. gr. – Gildissvið.

Samningur þessi tekur til hvers kyns mansals, innanlands sem landa á milli, hvort sem það tengist skipulagðri glæpastarfsemi eður ei.

3. gr. – Meginregla um bann við mismunun.

Framkvæmd samningsaðila á ákvæðum þessa samnings, einkum svigrúm til aðgerða til að vernda og efla réttindi fórnarlamba, skal tryggð án mismununar af neinu tagi, svo sem á grundvelli kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við minnihlutahóp, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

4. gr. – Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

- a. „Mansal“ merkir að taka í þjónustu sína, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, með því að hóta valdbeitingu eða beita valdi eða með annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds eða varnarleysis viðkomandi eða með því að afhenda eða taka við greiðslu eða ágóða í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings, sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi, til að koma fram misneytingu. Í misneytingu felst m.a., að minnsta kosti, að fénýta sér vændi annarra eða kynferðisleg misneyting í annarri mynd, nauðungarvinna eða nauðungarþjónusta, þrælkun eða aðgerðir í líkingu við þrælkun, ánauð eða það að fjarlægja líffæri,
- b. samþykki fórnarlamb „mansals“ við fyrirhugaða misneytingu, er um getur í a-lið þessarar greinar, skiptir ekki máli hafi einhverjum þeim aðferðum er um getur í a-lið verið beitt,
- c. að taka í þjónustu sína, flytja, afhenda, hýsa eða taka við barni í því skyni að fénýta það telst „mansal“ jafnvel þó að ekki sé beitt neinum þeim aðferðum er um getur í a-lið þessarar greinar,
- d. „barn“ merkir sérhvern einstakling undir átján ára aldri,
- e. „fórnarlamb“ merkir einstakling sem er andlag mansals eins og það er skilgreint í þessari grein.

II. kafli – Forvarnir, samstarf og aðrar aðgerðir.**5. gr. – Forvarnir gegn mansali.**

1. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir til þess að koma á eða efla samhæfingu milli ólíkra stofnana sem starfa að forvörnum og berjast gegn mansali.
2. Hver samningsaðili skal ákvarða og/eða styrkja skilvirka stefnu og áætlanir til að koma í veg fyrir mansal með aðgerðum á borð við: rannsóknir, upplýsingu, vitundarvakningu, fræðsluáttak, félagslegt og efnahagslegt frumkvæði og námskeiðahald, einkum fyrir þá sem eru berskjaldaðir fyrir mansali og þá fagmenn sem láta sig mansal varða.

3. Hver samningsaðili skal beita sér fyrir aðferðum sem eru reistar á mannréttindum og beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og taka mið af hagsmunum barna við mótun, framkvæmd og mat á öllum stefnumiðum og áætlunum sem um getur í 2. mgr.
4. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að fólksflutningar geti farið löglega fram, einkum með því að viðeigandi stofnanir hans dreifi réttum upplýsingum um þau skilyrði sem gilda um löglega komu til og dvöl á yfirráðasvæði hans.
5. Hver samningsaðili skal gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr hættunni á því að börn verði seld mansali, einkum með því að búa þeim vernd í umhverfi sínu.
6. Ráðstafana, sem eru ákvarðaðar í samræmi við ákvæði þessarar greinar, skulu, eftir atvikum gera ráð fyrir aðkomu frjálsra félagasamtaka, annarra viðeigandi samtaka og annarra eininga borgaralegs samfélags sem fást við forvarnir gegn mansali og vernd fórnarlamba eða aðstoð við þau.

6. gr. – Aðgerðir til að draga úr eftirspurn.

Hver samningsaðili skal leitast við að draga úr þeirri eftirspurn sem stuðlar að hvers kyns misneytingu einstaklinga, einkum kvenna og barna, sem leiðir til mansals, með því að taka upp eða efla aðgerðir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, menntunar, félagsmála, menningarmála og aðrar aðgerðir, þar á meðal:

- a. Rannsóknir á bestu starfsvenjum, aðferðum og áætlunum,
- b. vitundarvakningu um ábyrgð og mikilvægt hlutverk fjölmiðla og borgaralegs samfélags við að benda á eftirspurn sem eina af meginorsökum mansals,
- c. markvissar upplýsingaherferðir þar sem opinber yfirvöld og stefnumótendur koma m.a. að málum, eftir því sem við á,
- d. forvarnaraðgerðir, að meðtalinni fræðslu fyrir drengi og stúlkur meðan á skólagöngu þeirra stendur, þar sem lögð er áhersla á að kynjamismunun er ólíðandi og hefur skelfilegar afleiðingar, á mikilvægi jafnréttis kynjanna og á mannlega reisn og friðhelgi sérhverrar mannveru.

7. gr. – Ráðstafanir á landamærum.

1. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar varðandi frjálsa för fólks, efla eftirlit á landamærum, eftir því sem unnt er og nauðsyn krefur, til þess að koma í veg fyrir og koma upp um mansal.
2. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að flutningatæki, sem flytjendur í atvinnurekstri reka, séu notuð þegar viðhöfð er háttsemi sem gerð er refsiverð í samræmi við samning þennan.

3. Fyrirnefnd lagaákvæði eða ráðstafanir skulu, meðal annars, eftir því sem við á og með fyrirvara um gildandi alþjóðasamninga, skylda flytjendur í atvinnurekstri, að meðtöldum flutningafyrirtækjum eða eigendum eða rekendum hvers kyns flutningatækja, til þess að ganga úr skugga um að allir farþegar séu með ferðaskilríki sem er krafist vegna komu til viðtökuríkisins.
4. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við landslög sín, til þess að sett verði ákvæði um viðurlög við því að sinna ekki þeirri skyldu sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.
5. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, sem kunna ð vera nauðsynleg til þess að gera kleift, í samræmi við landslög hans, að synja einstaklingum, sem eru viðriðnir háttsemi sem er gerð refsiverð samkvæmt þessum samningi, um að koma inn á landsvæði hans eða að afturkalla vegabréfsáritanir slíkra einstaklinga.
6. Samningsaðilar skulu efla samstarf vinnu þeirra sem annast landamæraeftirlit, meðal annars með því að koma á beinum samskiptum og viðhalda þeim.

8. gr. – Öryggi og stjórn skilríkja.

Hver samningsaðili skal samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir:

- a. Til þess að tryggja að ferða- eða persónuskilríki, sem hann gefur út, séu þess eðlis að ekki sé auðhlaupið að því að misnota þau og falsa eða breyta þeim, endurgera eða gefa þau út á ólöglegan hátt og
- b. til að tryggja að ferða- og persónuskilríki, sem samningsaðilinn gefur út eða eru gefin út í umboði hans, séu traust og örugg og að koma í veg fyrir að þau séu framleidd og gefin út ólöglega.

9. gr. – Lögmæti og gildi skilríkja.

Aðildarríki skal, að beiðni annars aðildarríkis og í samræmi við landslög sín og innan eðlilegra tímamarka, ganga úr skugga um lögmæti og gildi ferða- eða persónuskilríkja sem gefin eru út, eða gefið er til kynna að hafi verið gefin út, í umboði þess og grunur leikur á að séu notuð við mansal.

III. kafli – Ráðstafanir til að standa vörð um og efla réttindi fórnarlamba og um leið að tryggja jafnrétti kynjanna.

10. gr. – Að staðfesta deili á fórnarlömbum.

1. Hver samningsaðili skal sjá lögbærum yfirvöldum sínum fyrir hæfu og sérmenntuðu starfsfólki á sviði forvarna og aðgerða gegn mansali, við að staðfesta deili á fórnarlömbum og aðstoða þau, þar á meðal börn, og skal tryggja að mismunandi yfirvöld vinni saman og með viðeigandi hjálparstofnunum, þannig að hægt sé að staðfesta deili á fórnarlömbum eftir aðferð þar sem tekið er eðlilegt tillit til sérstöðu fórnarlamba sem eru konur og börn og, eftir því sem við á, gefa út fyrir þau dvalarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 14. gr. þessa samnings.

2. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að staðfesta deili á fórnarlömbum, eftir því sem við á, í samvinnu við aðra samningsaðila og hlutaðeigandi hjálparstofnanir. Hafi lögbær yfirvöld rökstuddan grun um að einstaklingur hafi verið fórnarlamb mansals skal hver samningsaðili tryggja að viðkomandi verði ekki fluttur frá yfirráðasvæði hans fyrr en fyrrnefnd yfirvöld hafa gengið úr skugga um hvort om þolanda brots, sem kveðið er á um í 18. gr. þessa samnings, sé að ræða og skal hann jafnframt tryggja að viðkomandi einstaklingur njóti þeirrar aðstoðar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 12. gr.
3. Þegar aldur fórnarlamb er óljós og ástæða er til að ætla að fórnarlambið sé barn skal ganga út frá því að viðkomandi einstaklingur sé barn og skal hann njóta sérstakrar verndar meðan aldur hans er sannreyndur.
4. Um leið og staðfest eru deili á fylgdarlausu barni sem fórnarlambi skal hver samningsaðili:
 - a. Sjá til þess að lögráðamaður, stofnun eða yfirvald, komi fram fyrir hönd barnsins og gæti hagsmuna þess sem best,
 - b. gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að staðfesta deili á barninu og ríkisfang þess,
 - c. gera allt sem í valdi hans stendur til að hafa uppi á fjölskyldu barnsins þegar það þjónar hagsmunum þess best.

11. gr. – Friðhelgi einkalífs.

1. Hver samningsaðili skal vernda einkalíf fórnarlamba og gæta nafnleyndar þeirra. Persónuupplýsingar um þau skulu vistaðar og nýttar í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í samningi um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga (SES nr. 108).
2. Hver samningsaðili skal samþykkja ráðstafanir, einkum til að tryggja að hvorki verði sögð deili á barni, sem fórnarlambi mansals, né greint frá atriðum, sem gera slíka staðfestingu mögulega, opinberlega í fjölmiðlum eða með öðrum hætti, nema í undantekningartilvikum, til þess að auðvelda leit að ættingjum eða tryggja, með öðrum hætti, velferð barnsins og að það njóti verndar.
3. Hver samningsaðili skal kanna þann kost að samþykkja, í samræmi við 10. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eins og Mannréttindadómstóll Evrópu túlkar hana, ráðstafanir sem miða að því að hvetja fjölmiðla til þess að vernda einkalíf og kenni fórnarlamba með innra verklagi eða reglusetningu eða sameiginlegum reglum.

12. gr. – Aðstoð við fórnarlömb.

1. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að aðstoða fórnarlömb við að ná líkamlegum, sálrænum og félagslegum bata. Aðstoðin taki að minnsta kosti til eftirtalinna atriða:

- a. Lífskjara, sem tryggja þeim lífsafkomu, með ráðstöfunum á borð við: öruggt húsnæði við hæfi, sálfræðilega og efnislega aðstoð,
 - b. aðgang að brýnni lækni meðferð,
 - c. þýðinga- og túlkunarþjónustu, þegar þörf krefur,
 - d. ráðgjafar og upplýsinga, einkum um lagalegan rétt þeirra og þá þjónustu sem þeim stendur til boða, á tungumáli sem þau skilja,
 - e. aðstoðar til að unnt sé að bera fram rétti þeirra og hagsmuni og fjalla um þá á viðeigandi stigum saksóknar gegn brotamönnum,
 - f. aðgang barna að menntun.
2. Hver samningsaðili skal taka tilhlýðilegt tillit til öryggis- og verndarþarfa fórnarlambins.
 3. Að auki skal hver samningsaðili láta þeim fórnarlömbum sem dvelja löglega á yfirráðasvæði hans, hafa ekki nægilegt fé milli handa og þurfa á slíkri aðstoð að halda, í té lækni aðstoð eða aðra aðstoð.
 4. Hver samningsaðili skal samþykkja reglur sem heimila fórnarlömbum, sem hafa löglega búsetu á yfirráðasvæði hans, aðgang að vinnumarkaði, starfsþjálfun og menntun.
 5. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir, eftir því sem við á og í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í landslögum hans, til að eiga samstarf við frjáls félagasamtök, önnur viðeigandi samtök eða aðrar einingar borgaralegs samfélags sem veita fórnarlömbum aðstoð.
 6. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að tryggja að aðstoð við fórnarlamb sé óháð því hvort viðkomandi vilji bera vitni.
 7. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal hver samningsaðili tryggja að þjónusta sé veitt með samþykki viðkomandi og vitneskju og að tekið sé tilhlýðilegt tillit til sérþarfa þeirra einstaklinga sem eru berskjaldaðir og réttinda barna hvað varðar hútaskjól, menntun og viðeigandi heilsugæslu.

13. gr. – Afturbata- og umþóttunartímabil.

1. Hver samningsaðili skal gera ráð fyrir a.m.k. 30 daga afturbata- og umþóttunartímabil í landslögum sínum þegar rökstuddur grunur er um að viðkomandi einstaklingur sé fórnarlamb mansals. Þetta tímabil á að nægja til þess að viðkomandi einstaklingur geti náð sér og flúið áhrif þeirra sem stunda mansal og/eða tekið upplýsta ákvörðun um samstarf við lögbær yfirvöld. Ekki er hægt að fullnægja úrskurði um brottvísun viðkomandi einstaklings á þessu tímabili. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á starf lögbærra yfirvalda á öllum stigum viðkomandi málsmeðferðar innanlands, einkum hvað varðar rannsókn og saksókn vegna umræddra brota. Samningsaðilar skulu heimila viðkomandi einstaklingum að dvelja á yfirráðasvæði þeirra á fyrrnefndu tímabili.
2. Á tímabilinu skulu þeir einstaklingar er um getur í 1. mgr. þessarar greinar eiga kost á þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 12. gr.
3. Samningsaðilar eru ekki bundnir af því að virða þennan frest ef ástæður, sem varða allsherjarreglu, koma í veg fyrir það eða ef í ljós kemur að gert sé tilkall til stöðu fórnarlambis með óréttmætum hætti.

14. gr. – Dvalarleyfi.

1. Hver samningsaðili skal gefa út endurnýjanlegt dvalarleyfi til handa fórnarlömbum, í öðru hvoru eftirtalinna tilvika eða báðum:
 - a. ef lögbært yfirvald telur dvöl þeirra nauðsynlega vegna persónulegra aðstæðna þeirra,
 - b. ef lögbært yfirvald telur dvöl þeirra nauðsynlega vegna samvinnu þeirra við lögbær yfirvöld við rannsókn eða við meðferð sakamáls.
2. Þegar slíkt er nauðsynlegt í lagalegu tilliti, skal gefa út dvalarleyfi fyrir börn, sem eru fórnarlömb mansals, með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, og endurnýja slík dvalarleyfi með sömu skilyrðum eftir atvikum.
3. Sé dvalarleyfi ekki endurnýjað eða það afturkallað skal það gert með fyrirvara um þau skilyrði sem landslög viðkomandi samningsaðila kveða á um.
4. Leggi fórnarlamb fram umsókn um annars konar dvalarleyfi skal viðkomandi samningsaðili taka tillit til þess að fórnarlambið hefur eða hefur haft dvalarleyfi skv. 1. mgr.
5. Með hliðsjón af skuldbindingum samningsaðilanna, er um getur í 40. gr. þessa samnings, skal hver samningsaðili ganga úr skugga um að veiting dvalarleyfis samkvæmt þessu ákvæði hafi ekki áhrif á réttinn til að sækja um hæli og njóta hælis.

15. gr. – Bætur og lagaleg úrlausn.

1. Hver samningsaðili skal tryggja að fórnarlömb mansals hafi, allt frá því þau komast fyrst í samband við lögbær yfirvöld, aðgang að upplýsingum um viðeigandi dóms- og stjórnáskilum á tungumáli sem þau skilja.
2. Hver samningsaðili skal, í landslögum sínum, kveða á um rétt fórnarlamba til lögfræðis- aðstoðar og gjafsóknar með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í landslögum hans.
3. Hver samningsaðili skal, í landslögum sínum, kveða á um rétt fórnarlamba til að krefja brotamenn bóta.
4. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að tryggja fórnarlömbum bætur eftir skilyrðum landslaga hans, t.d. með stofnun bótasjóðs fórnarlamba eða ráðstöfunum eða áætlunum sem miða að félagslegri aðstoð og félagslegri aðlögun fórnarlamba mansals sem hægt væri að fjármagna með fjármunum sem fengjust með því að gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 23. gr.

16. gr. – Heimflutningur og endurkoma fórnarlamba.

1. Samningsaðilinn, þar sem fórnarlamb hefur ríkisfang eða hafði rétt til fastrar búsetu við komu til yfirráðasvæðis viðtökusamningsaðilans, skal greiða fyrir og samþykkja endurkomu þess, að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttar þess, öryggis og mannlegrar reisnar og án óeðlilegrar eða ástæðulausrar tafar.
2. Þegar samningsaðili lætur flytja fórnarlamb aftur til annars ríkis skal það gert að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttar, öryggis og mannlegrar reisnar viðkomandi einstaklings og til stöðu málareksturs, sem tengist því að hann er fórnarlamb mansals, og skal slíkur flutningur helst vera af fúsum og frjálsum vilja fyrrnefnds einstaklings.
3. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, skal, að beiðni viðtökusamningsaðila, sannreyna hvort einstaklingur sé ríkisborgari hans eða hafi haft rétt til fastrar búsetu á yfirráðasvæði hans við komu til yfirráðasvæðis viðtökusamningsaðilans.
4. Í því skyni að greiða fyrir endurkomu fórnarlambmansals, sem er án réttra skilríkja, skal samningsaðili, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ríkisfang eða hafði, við komu til yfirráðasvæðis viðtökusamningsaðilans, rétt til fastrar búsetu, fallast á, að beiðni viðtökusamningsaðilans, að gefa út ferðaskilríki eða aðrar heimildir sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að gera fyrrnefndum einstaklingi kleift að ferðast til yfirráðasvæðis hans og koma inn á það á ný.

5. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að koma á áætlunum um heimflutning með þátttöku viðeigandi innlendra eða alþjóðlegra stofnana og frjálsra félagasamtaka. Markmiðið með slíkum áætlunum er að koma í veg fyrir endurtekningu brota gagnvart fórnarlömbum. Hver samningsaðili skal kappkosta að styðja enduraðlögun fórnarlamba að samfélagi þess samningsaðila, sem snúið er aftur til, að meðtalinni aðlögun að skólakerfi og vinnumarkaði, einkum með því að gera þeim kleift að afla sér fagmenntunar og bæta hana. Þegar börn eiga í hlut skulu þessar áætlanir gera þeim kleift að njóta réttar til menntunar og fela í sér ráðstafanir sem tryggja viðunandi umönnun eða viðtökur fjölskyldu eða viðeigandi umönnunarstofnana.
6. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að veita fórnarlömbum, eftir því sem við á og í samráði við hvern þann samningsaðila annan sem á hlut að máli, upplýsingar um tengiliði hjá þeim stofnunum sem geta aðstoðað þau í endurkomu- eða heimalandi, til dæmis löggæsluembættum, frjálsum félagasamtökum, starfsstéttum lögmannna sem geta veitt ráðgjöf og félagsmálastofnunum.
7. Börn, sem eru fórnarlömb mansals, skal ekki flytja aftur til ríkis séu líkur á, að afloknu áhættu- og öryggismati, að endurkoma þjóni ekki hagsmunum barnsins.

17. gr. – Jafnrétti kynjanna.

Þegar samningsaðilar gera þær ráðstafanir er um getur í þessum kafla skulu þeir stuðla að jafnrétti kynjanna og styðjast við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við þróun, framkvæmd og mat þeirra.

IV. kafli – Efnislegur refsiréttur.

18. gr. – Saknæmi mansals.

Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi er um getur í 4. gr. samnings þessa refsiverða þegar um ásetning er að ræða.

19. gr. Saknæmi þess að nýta sér þjónustu fórnarlamb mansals.

Hver samningsaðili skal íhuga að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi, að nýta sér þá þjónustu sem er andlag misneytingar, eins og um getur í a-lið 4. gr. samnings þessa, hafandi vitneskju um að viðkomandi einstaklingur er fórnarlamb mansals, refsiverða eftir landslögum.

20. gr. – Saknæmi verknaðar sem tengist ferða- eða persónuskilríkjum.

Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirfarandi háttsemi refsiverða þegar um ásetning er að ræða og tilgangurinn er að stuðla að mansali:

- a. Að falska ferða- eða persónuskilríki,

- b. að afla sér eða útvega slík skilríki,
- c. að halda eftir, fjarlægja, fela, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

21. gr. - Tilraun til brots og aðstoð við það eða hvatning til þess.

1. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsiverða, þegar um ásetning er að ræða, að aðstoða við eða hvetja til þess að eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsiverð skv. 18. og 20. gr. samnings þessa, séu framin.
2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsiverða, þegar um ásetning er að ræða, að gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsiverð skv. 18. gr. og a-lið 20. gr. samnings þessa

22. gr. – Refsiábyrgð lögaðila.

1. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur lögaðila fyrir háttsemi sem gerð er refsiverð samkvæmt ákvæðum samnings þessa og er framið honum til hagsbóta af einstaklingi sem annaðhvort aðhefst einn eða sem hluti af einingu innan lögaðilans og gegnir forustuhlutverki innan lögaðilans sem er grundvallað á:
 - a. Heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,
 - b. valdi til að taka ákvörðun fyrir hönd lögaðilans,
 - c. valdi til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.
2. Auk þeirra tilvika, sem þegar er kveðið á um í 1. mgr., skal hver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að lýsa refsíbyrgð á hendur lögaðila, hafi skortur á eftirliti eða stjórnun af hálfu einstaklings sem um getur í 1. mgr., gert einstaklingi, sem aðhefst í umboði fyrrnefnds lögaðila, kleift að fremja refsilagabrot, sem gert er refsivert í samræmi við samning þennan, lögaðilanum til hagsbóta.
3. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um ákvæði meginreglna landslaga viðkomandi samningsaðila, lotið að refsí- eða einkamálarétti eða verið stjórnsýslulegs eðlis.
4. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsíbyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotið.

23. gr. – Viðurlög og ráðstafanir.

1. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og aðrar samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að viðurlög við þeim refsilagabrotum, sem gerð eru refsiverð í samræmi við 18. til 21. gr., séu áhrifarík, hæfileg og letjandi. Meðal viðurlaga við brotum, sem gerð eru refsiverð í samræmi við 18. gr. og einstaklingar fremja, skulu vera refsingar sem fela í sér frelsissviptingu og geta leitt til framsals.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði 22. gr., þoli áhrifaríka, hæfilega og letjandi refsingu samkvæmt hegningarlögum eða sæti annars konar viðurlögum eða ráðstöfunum, þar með talið sektum..
3. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert upptæka eða svipt viðkomandi aðila gagnsmunum og hagnaði af refsilagabrotum, sem gerð eru refsiverð í samræmi við 18. gr. og a-lið 20. gr. samnings þessa, eða eignir sem samsvara slíkum hagnaði.
4. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, sem gera kleift að loka, tímabundið eða endanlega, hverri þeirri stofnun sem var notuð til að stunda mansal, með fyrirvara um rétt grandalausra þriðju aðila, eða að neita brotamanni, tímabundið eða endanlega, um að stunda þá starfsemi sem brotið var framið í tengslum við.

24. gr. – Aðstæður sem auka á saknæmi.

Hver samningsaðili skal tryggja að eftirtaldar aðstæður teljist aðstæður sem auka á saknæmi þegar ákveðin er refsing vegna brota sem gerð eru refsiverð í samræmi við 18. gr. samnings þessa:

- a. með brotinu var lífi fórnarlambis stofnað í hættu vísvitandi eða fyrir stórfellt gáleysi,
- b. brotið var framið á barni,
- c. gerandi er opinber starfsmaður við skyldustörf,
- d. brotið var framið á vegum glæpasamtaka.

25. gr. – Fyrri sakfelling.

Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir til þess að hægt verði, við ákvörðun refsingar, að taka tillit til endanlegra dóma, sem felldir hafa verið hjá öðrum samningsaðila, í tengslum við brot sem gerð eru refsiverð í samræmi við samning þennan.

26. gr. – Ákvæði um undanþágu frá refsingu.

Hver samningsaðili skal, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, kveða á um þann kost að fórnarlömbum verði ekki refsað fyrir aðild sína að ólöglegri starfsemi, enda hafi þau verið þvinguð til þátttöku.

V. kafli – Rannsókn, saksókn og lög um málsmeðferð.**27. gr. – Einhliða aðgerðir og aðgerðir í krafti embættis.**

1. Hver samningsaðili skal tryggja að rannsókn á brotum eða saksókn vegna brota sem gerð eru refsiverð í samræmi við samning þennan sé óháð skýrslu eða ákæru fórnarlamb, að minnsta kosti ef brotið var framið að öllu leyti eða að hluta til á yferráðasvæði hans.
2. Hver samningsaðili skal tryggja að fórnarlömb brots á yferráðasvæði annars samningsaðila en þess þar sem þeir búa geti lagt fram kæru hjá lögbærum yfirvöldum í búseturíki sínu. Hafi hið lögbæra yfirvald, sem tekur við kærinni, ekki sjálfst lögsögu í málinu skal það senda hana án tafar lögbæru yfirvaldi þess samningsaðila, sem á yferráðasvæði þar sem brotið var framið. Kæran skal afgreidd í samræmi við landslög þess samningsaðila sem á yferráðasvæði þar sem brotið var framið.
3. Hver samningsaðili skal tryggja, með löggjöf eða öðrum ráðstöfunum, í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í landslögum hans, að hver sá hópur, stofnun, félagasamtök eða frjáls félagasamtök, sem hafa að markmiði að berjast gegn mansali eða standa vörð um mannréttindi, eigi þess kost að veita fórnarlambinu aðstoð og/eða stuðning, með samþykki þess, meðan á meðferð sakamáls stendur vegna brots sem gert er refsivert í samræmi við 18. gr. þessa samnings.

28. gr. – Vernd fórnarlamba, vitna og þeirra sem vinna með dómsmálayfirvöldum.

1. Hver samningsaðili skal setja lög eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að veita eftirtöldum aðilum örugga og viðeigandi vernd gegn hugsanlegum hefndum eða ógnunum, einkum meðan á rannsókn og saksókn á hendur gerendum stendur eða í kjölfar rannsóknar eða saksóknar:
 - a. Fórnarlömbum,
 - b. eftir því sem við á, þeim sem kæra brot, sem gerð eru refsiverð í samræmi við 18. gr. þessa samnings, eða vinna með öðrum hætti með rannsóknaryfirvaldi eða ákærvaldi,
 - c. vitnum sem gefa vitnisburð vegna brota sem gerð eru refsiverð í samræmi við 18. gr. samnings þessa,
 - d. ef þörf krefur, ættingjum þeirra sem um getur í a- og c-lið.
2. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja og veita vernd af ýmsu tagi. Um líkamlega vernd getur verið að ræða, að finna viðkomandi ný heimkynni, breytt kenni og aðstoð við atvinnuöflun.

3. Barn, sem er fórnarlamb, skal njóta sérstakra verndarráðstafana þar sem tekið er tillit til hagsmuna þess.
4. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að veita meðlimum hópa, stofnana, samtaka og frjálsra félagasamtaka, sem stunda þá starfsemi sem um getur í 3. mgr. 27. gr., viðeigandi vernd gegn hugsanlegum hefndum eða ógnunum, einkum meðan á rannsókn og saksókn á hendur gerendum stendur og í kjölfar þeirra.
5. Hver samningsaðili skal íhuga að gera samninga eða samkomulag við önnur ríki um beitingu ákvæða þessarar greinar.

29. gr. – Sérhæfð yfirvöld og samræmingarstofnanir.

1. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að einstaklingar eða stofnanir séu sérhæfðar í baráttunni gegn mansali og vernd fórnarlamba. Nauðsynlegt er að sjálfstæði slíkra einstaklinga eða stofnana sé tryggt, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis viðkomandi samningsaðila, til þess að þeim sé kleift að sinna störfum sínum á skilvirkan hátt án óeðlilegs þrýstings. Þessir einstaklingar eða starfsmenn fyrrnefndra stofnana skulu hljóta fullnægjandi þjálfun og hafa nauðsynlegt fjármagn til að sinna verkefnum sínum.
2. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að stefnumið og aðgerðir ráðuneyta hans og annarra opinberra stofnana gegn mansali séu samræmd, eftir atvikum, með því að koma á fót samræmingarstofnunum.
3. Hver samningsaðili skal bjóða fram eða efla starfsþjálfun hlutaðeigandi opinberra starfsmanna sem annast varnir og berjast gegn mansali, þ.m.t. þjálfun á sviði mannréttinda. Þjálfunin getur verið breytileg eftir stofnunum og skal, eftir því sem við á, miðast við: Aðferðir sem er beitt til þess að koma í veg fyrir mansal, saksókn þeirra sem stunda mansal og það að vernda réttindi fórnarlamba, m.a. að vernda fórnarlömb gegn þeim sem stunda mansal.
4. Hver samningsaðili skal íhuga að tilnefna skýrslugerðarmenn ríkisins eða gera ráð fyrir öðrum leiðum til þess að fylgjast með aðgerðum ríkisstofnana gegn mansali og framkvæmd ákvæða landslaga.

30. gr. – Málsmeðferð fyrir dómstólum

Hver samningsaðili skal, í samræmi við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, einkum 6. gr., setja lagaákvæði eða samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að tryggja eftirfarandi við málarekstur fyrir dómstólum:

- a. að einkalífs fórnarlamba og kenni þeirra, ef við á, séu vernduð,
- b. öryggi fórnarlamba og að þau séu vernduð gegn ógnunum,

í samræmi við skilyrði landslaga hans, þegar fórnarlömb eru börn að aldri, með því að sinna sérstaklega þörfum þeirra og tryggja rétt þeirra til sérstakrar verndar.

31. gr. – Lögsaga.

1. Hver samningsaðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hann geti fellt undir lögsögu sína brot, sem gerð eru refsiverð í samræmi við ákvæði samnings þessa, þegar brotið er framið:
 - a. á yfirráðasvæði hans eða
 - b. um borð í skipi sem siglir undir fána fyrrnefnds samningsaðila eða
 - c. um borð í loftfari sem er skráð samkvæmt lögum fyrrnefnds samningsaðila eða
 - d. af ríkisborgara hans eða ríkisfangslausum einstaklingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði hans, sé brotið refsivert samkvæmt hegningarlögum, þar sem það var framið, eða sé það framið utan lögsögu sem lýtur að yfirráðasvæði hvaða ríkis sem er,
 - e. gegn ríkisborgara hans.
2. Hverjum samningsaðila er heimilt, við undirritun eða þegar skjal hans um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins yfirlýsingu um að hann áskilji sér rétt til að beita ekki, eða beita aðeins í sérstökum tilvikum eða við sérstakar aðstæður, þeim reglum um lögsögu sem mælt er fyrir um í d- og e-lið 1. mgr. þessarar greinar eða hluta þeirra.
3. Hver samningsaðili skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hann geti fellt undir lögsögu sína þau brota sem um getur í samningi þessum, þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði hans og hann framselur hann ekki öðrum samningsaðila, á grundvelli ríkisfangs hans einvörðungu, að fram kominni framsalsbeiðni.
4. Geri fleiri en einn samningsaðili kröfu um lögsögu vegna meints brots, sem gert er refsivert í samræmi við ákvæði samnings þessa, skulu viðkomandi samningsaðilar hafa með sér samráð, þar sem það á við, í því skyni að ákveða innan lögsögu hvers sé mest viðeigandi að málið sé sótt.
5. Samningur þessi útilokar ekki neina refsiréttarlögsögu, sem samningsaðili fer með samkvæmt landslögum, samanber þó almennar viðmiðunarreglur þjóðaréttar.

VI. kafli – Alþjóðleg samvinna og samvinna við borgaralegt samfélag.**32. gr. – Meginreglur og ráðstafanir almenns eðlis varðandi alþjóðlega samvinnu.**

Samningsaðilar skulu vinna saman, í samræmi við ákvæði samnings þessa og með því að beita viðeigandi alþjóðlegum og svæðisbundnum gurningum, fyrirkomulagi, sem samþykkt er á grundvelli samræmdrar eða gagnkvæmrar löggjafar, og landslögum, eins og framast er unnt, í því skyni:

- að koma í veg fyrir mansal og berjast gegn því,
- að vernda fórnarlömb og veita þeim aðstoð,

- að rannsaka eða reka mál vegna brota, sem gerð eru refsiverð í samræmi við samning þennan.

33. gr. – Ráðstafanir sem varða einstaklinga sem eru í hættu eða horfnir.

1. Þegar samningsaðili hefur undir höndum upplýsingar sem gefa honum eðlilegar ástæður til að ætla að líf, frelsi eða líkamleg friðhelgi einstaklings, sem um getur í 1. mgr. 28. gr., sé í bráðri hættu á yfirráðasvæði annars samningsaðila skal samningsaðilinn, sem býr yfir upplýsingunum, bregðast við slíku neyðartilviki og senda síðarnefnda samningsaðilanum upplýsingarnar, án tafar, til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi verndarráðstafana.
2. Aðilar að samningi þessum gætu skoðað þann kost að efla samvinnu sín á milli við leit að horfnum einstaklingum, einkum börnum sem saknað er, ef tiltækar upplýsingar vekja þeim grun um að viðkomandi einstaklingur sé fórnarlamb mansals. Samningsaðilar geta, í því skyni, gert með sér tvíhliða eða marghliða samninga.

34. gr. – Upplýsingar.

1. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal tilkynna samningsaðilanum, sem leggur fram beiðnina, um endanlegan árangur af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í samræmi við ákvæði þessa kafla. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal og upplýsa samningsaðilann, sem leggur fram beiðnina, á tafar um þær aðstæður sem útiloka að unnt sé að gera þá aðgerð sem farið er fram á eða um þær aðstæður sem líklegt má telja að valdi töfum á þeirri aðgerð.
2. Samningsaðili getur, eftir því sem landslög hans heimila og óumbeðið, látið öðrum samningsaðila í té upplýsingar, sem hefur verið aflað með eigin rannsóknum, álíti hann að afhending slíkra upplýsinga geti gagnast þeim samningsaðila sem við þeim tekur til að hefja eða framkvæma rannsókn eða reka mál vegna refsilagabrota, sem gerð hafa verið refsiverð í samræmi við samning þennan, eða geti leitt til þess að sá samningsaðili óski eftir samstarfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
3. Samningsaðilinn, sem lætur upplýsingarnar í té, getur, áður en til þess kemur, óskað þess að þeim verði haldið leyndum eða þær notaðar samkvæmt settum skilyrðum. Geti samningsaðilinn, sem við upplýsingunum tekur, ekki orðið við slíkri beiðni skal hann tilkynna það þeim samningsaðila sem lætur þær í té sem aftur ákveður hvort afhenda skuli upplýsingarnar þrátt fyrir það. Þiggi samningsaðilinn, sem við upplýsingunum tekur, upplýsingarnar með settum skilyrðum skal hann uppfylla þau.
4. Allar umbeðnar upplýsingar sem varða ákvæði 13., 14. og 16. gr. og eru nauðsynlegar til að unnt sé að veita þann rétt sem ákvæði þessara greina gera skulu sendar tafarlaust að beiðni viðkomandi samningsaðila, að teknu tilhlýðilegu tilliti til ákvæða 11. gr. samnings þessa.

35. gr. - Samstarf við borgaralegt samfélag.

Hver samningsaðili skal hvetja yfirvöld hins opinbera og opinbera starfsmenn til að vinna með frjálsum félagasamtökum, öðrum viðeigandi samtökum og aðilum innan hins borgaralega samfélags við að koma á vel skipulögðu samstarfi í því skyni að ná fram markmiði þessa samnings.

VII. kafli – Eftirlitskerfi

36. gr. – Hópur sérfræðinga á sviði aðgerða gegn mansali.

1. Hópur sérfræðinga á sviði aðgerða gegn mansali (hér á eftir nefndur „GRETA“) skal hafa eftirlit með framkvæmd samnings þess af hálfu samningsaðilanna.
2. Í GRETA skulu vera eigi færri en 10 meðlimir og eigi fleiri en 15 og skal tekið tillit til jafnvægis milli kynja og landsvæða, enn fremur til þverfaglegrar sérfræðipækkingar. Nefnd samningsaðilanna kýs meðlimi GRETA til 4 ára og er heimilt að endurnýja kjötrímabil þeirra einu sinni. Einungis ríkisborgarar aðildarríkja að samningi þessum eru gjaldgengir sem meðlimir GRETA.
3. Kosning meðlima í GRETA skal grundvölluð á eftirfarandi meginreglum:
 - a. þeir skulu valdir úr hópi einstaklinga með þroskaða siðferðisvitund sem eru þekktir fyrir viðurkennda hæfni sína á sviði mannréttinda, aðstoðar við fórnarlömb og vernd þeirra og á sviði aðgerða gegn mansali eða hafa starfsreynslu á þeim sviðum sem fjallað er um í samningi þessum,
 - b. þeir skulu sitja í nefndinni sem sjálfstæðir einstaklingar, vera sjálfstæðir og óhlutdrægir í störfum sínum og reiðubúnir til þess að sinna skyldustörfum sínum með virkum hætti.
 - c. engir tveir meðlima GRETA skulu vera ríkisborgarar sama ríkis,
 - d. þeir ættu að vera fulltrúar helstu réttarkerfa.
4. Ráðherranefndin skal ákveða hvernig staðið skuli að kosningu meðlima GRETA, að höfðu samráði við og með einróma samþykki samningsaðila, innan eins árs frá því að samningur þessi öðlast gildi. GRETA setur sér starfsreglur.

37. gr. – Nefnd samningsaðilanna.

1. Í nefnd samningsaðilanna skulu sitja þeir fulltrúar í ráðherranefnd Evrópuráðsins sem eru fulltrúar þeirra aðildarríkja Evrópuráðsins sem eiga aðild að samningnum og fulltrúar þeirra samningsaðila sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.
2. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal kveðja saman nefnd samningsaðilanna. Fyrsta fund nefndarinnar skal halda innan eins árs frá því að samningur þessi öðlast gildi til þess að unnt sé að kjósa meðlimi GRETA. Síðan kemur nefndin saman þegar þriðjungur samningsaðilanna, formaður GRETA eða framkvæmdastjóri Evrópuráðsins fer fram á það.
3. Nefnd samningsaðilanna setur sér starfsreglur.

»38. gr. – Matsferli.

1. Matsferlið varðar aðila að samningnum og skiptist í lotur, en lengd þeirra er ákvörðunarefni GRETA. Við upphaf hvernar lotu velur GRETA þau sérstöku ákvæði sem reisa skal matsferlið á.
2. GRETA skilgreinir þær leiðir sem best henta við framkvæmd matsins. GRETA getur einkum samþykkt spurningalista fyrir hverja matslotu sem getur orðið grunnur að því að meta hvernig samningsaðilunum tekst til við framkvæmd samnings þessa. Spurningalistann skal senda öllum samningsaðilum. Samningsaðilar skulu fylla spurningalistann út og svara öllum öðrum beiðnum GRETA um upplýsingar.
3. GRETA getur farið fram á upplýsingar frá hinu borgaralega samfélagi.
4. GRETA getur einnig skipulagt heimsóknir til landa í samvinnu við innlend yfirvöld og „tengiliðinn“ sem þau tilnefna og með aðstoð sjálfstæðra sérfræðinga innlendra ef þörf krefur. Meðan á slíkum heimsóknum stendur getur GRETA notið aðstoðar sérfræðinga á tilteknum sviðum.
5. GRETA skal vinna skýrsludrög sem hafa að geyma greiningu GRETA að því er varðar beitingu þeirra ákvæða sem matið byggist á og uppástungur og tillögur um það hvernig viðkomandi samningsaðili geti tekið á þeim vanda sem matið leiddi í ljós. Skýrsludrögin skulu send samningsaðilanum, sem matið tók til, til umsagnar. GRETA tekur mið af umsögn hans þegar gengið er frá skýrslunni.
6. Á grundvelli þessa skal GRETA samþykkja skýrslu sína og niðurstöður viðvirkjandi þeim ráðstöfunum sem viðkomandi samningsaðili hefur gert til þess að ákvæði samnings þessa geti komið til framkvæmda. Skýrsluna skal, ásamt niðurstöðunum, senda viðkomandi samningsaðila og nefnd samningsaðilanna. Gera skal skýrslu og niðurstöður GRETA opinberar um leið og þær eru samþykktar, ásamt ummælum viðkomandi samningsaðila, ef við á.
7. Nefnd samningsaðilanna getur, með fyrirvara um matsferlið er um getur í 1.–6. mgr. þessarar greinar, samþykkt, á grundvelli skýrslu og niðurstaðna GRETA, tilmæli, sem beint er til viðkomandi samningsaðila, a) varðandi þær ráðstafanir sem gera á til að koma niðurstöðum GRETA í framkvæmd, ef nauðsyn krefur með því að setja tímamörk til að leggja fram upplýsingar um framkvæmd þeirra, og b) sem miða að því að efla samvinnu við fyrrnefndan samningsaðila í því skyni að tryggja rétta framkvæmd þessa samnings.

VIII. kafli – Tengsl við aðra alþjóðlega gerninga.

- 39. gr. – Tengsl við bókun um að koma í veg fyrir og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi.**

Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af bókuninni um að koma í veg fyrir, stöðva og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi, og er honum ætlað að efla þá vernd sem þar er kveðið á um og þróa reglurnar sem hún felur í sér.

40. gr. – Tengsl við aðra alþjóðlega gerninga

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af öðrum alþjóðlegum gerningum, sem aðilar að þessum samningi eru aðilar að eða verða aðilar að, og hafa að geyma ákvæði um málefni sem samningur þessi tekur til og veita fórnarlömbum mansals meiri vernd og aðstoð.
2. Aðilar að samningi þessum geta gert með sér tvíhliða eða marghliða samninga um þau málefni sem samningur þessi tekur til í því skyni að auka við ákvæði hans eða efla þau, eða að greiða fyrir beitingu þeirra meginreglna sem þar koma fram.
3. Samningsaðilar, sem eru aðildarríki Evrópusambandsins, skulu í samskiptum sín á milli beita reglum Bandalagsins og Evrópusambandsins, að því marki sem reglur Bandalagsins eða Evrópusambandsins gilda um viðfangsefnið hverju sinni og eiga við hvert tilvik um sig, með fyrirvara um markmið og tilgang samnings þessa og með fyrirvara um að honum sé beitt að fullu af öðrum samningsaðilum.
4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi, skyldur og ábyrgð ríkja og einstaklinga samkvæmt reglum þjóðaréttar, m.a. alþjóðlegum mannúðarlögum og alþjóðlegum mannréttindalögum og, einkum og eftir atvikum, samningi frá 1951 og viðbótarsamningi frá 1967 um réttarstöðu flóttamanna og samkvæmt meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, eins og hún er sett fram í þeim gerningum.

IX. kafli – Breytingar á samningnum.**41. gr. – Breytingar.**

1. Allar tillögur til breytinga, sem samningsaðili leggur fram, skal senda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins sem kemur þeim á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins, undirritunarríki, samningsríki, Evrópubandalagið og ríki sem boðið er að undirrita samning þennan í samræmi við ákvæði 42. gr. og ríki sem boðin er aðild að samningi þessum í samræmi við ákvæði 43. gr.
2. Allar breytingartillögur samningsaðila skal senda GRETA sem skal leggja fyrir ráðherranefndina álit sitt á þeirri breytingu sem tillaga er gerð um.
3. Ráðherranefndin skal fjalla um breytingartillöguna og álitid sem GRETA leggur fram og getur samþykkt breytinguna að höfðu samráði við aðila að samningi þessum, að fengnu einróma samþykki þeirra.
4. Texti hvernar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, skal framsendur samningsaðilum til staðfestingar.
5. Allar breytingartillögur, sem samþykktar eru skv. 3. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi þegar allir samningsaðilar hafa tilkynnt framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um samþykki sitt.

X. kafli – Lokaákvæði.**42. gr. – Undirritun og gildistaka.**

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, ríki utan þess, sem hafa tekið þátt í gerð hans, og Evrópubandalagið.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
3. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar tíu undirritunaraðilar, þ.m.t. að minnsta kosti átta aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af honum í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar.
4. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju því ríki sem um getur í 1. mgr. eða Evrópubandalaginu, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

43. gr. Aðild að samningnum.

1. Eftir gildistöku þessa samnings getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsaðila og að fengnu einróma samþykki þeirra, boðið hverju því ríki sem ekki er aðildarríki Evrópuráðsins og ekki hefur átt þátt í að semja samning þennan aðild að honum og skal ákvörðunin tekin með þeim meirihluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsaðila sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að honum fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar skjal þess um aðild er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

44. gr. -Svæðisbundið gildissvið.

1. Hverju ríki eða Evrópubandalaginu er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau yfirráðasvæði sem samningur þessi skal taka til.
2. Hver samningsaðili getur, hvenær sem er síðar, lýst því yfir við framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að samningur þessi nái einnig til hvaða annars yfirráðasvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni enda annist hann milliríkjasamskipti fyrir þess hönd eða hafi heimild til að skuldbinda það. Samningurinn öðlast gildi, að því er slíkt yfirráðasvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir slíkri yfirlýsingu viðtöku.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það yfirráðasvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir slíkri tilkynningu viðtöku.

45. gr. – Fyrirvarar.

Óheimilt er að gera fyrirvara við ákvæði samnings þessa, að undanskildum ákvæðum 2. mgr. 31. gr.

46. gr. – Uppsögn.

1. Hver samningsaðili getur, hvenær sem er, sagt upp samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

47. gr. – Tilkynning.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, undirritunar- ríkjum, samningsríkjum, Evrópubandalaginu og ríkjum sem boðið er að undirrita samning þennan skv. ákvæðum 42. gr. og þeim ríkjum sem boðin er aðild að samningi þessum skv. ákvæðum 43. gr. um eftirfarandi atriði:

- a. sérhverja undirritun,
- b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild,
- c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 42. og 43. gr.,
- d. allar breytingar, sem samþykktar eru skv. 41. gr., og gildistökudag slíkra breytinga,
- e. sérhverja uppsögn ákvæðum 46. gr. til fullnustu,
- f. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan,
- g. sérhvern fyrirvara sem gerður er skv. 45. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Varsjá 16. maí 2005 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem skal afhent skjalasafni Evrópuráðsins til vörslu, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins, hverju ríki utan þess, sem hefur tekið þátt í gerð samnings þessa, Evrópubandalaginu og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum, staðfest endurrit.